

Auknar sjálfbærnikröfur til fyrirtækja

Þjónusta PwC á sviði sjálfbærni


Desember 2023




Loftslagsbreytingar eru eitt brýnasta vandamálið sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag. Loftslagsbreytingar hafa áhrif á alla – allt frá fjölskyldum sem hafa áhyggjur af framtíð barna sinna, til lífeyrissjóða og ákvarðana þeirra um hvar skal fjárfesta.

Vísindin eru skýr: Til að forðast verstu áhrif loftslagsbreytinga þurfa fyrirtæki, stjórnvöld og samfélag að vinna saman að því að skipta yfir í kolefnishlutlaust hagkerfi fyrir árið 2050.

Atvinnulífið gegnir þar lykilhlutverki og við hjá PwC getum aðstoðað.





Á komandi misserum munu kröfur til fyrirtækja varðandi sjálfbærni og upplýsingagjöf aukast til muna. Ný löggjöf ESB Græna sáttmálans (e. Green Deal) er ætlað að leiða hagkerfi Evrópu að því að verða fyrsta kolefnishlutlausu hagkerfið. Krafa er gerð til fyrirtækja að lágmarka neikvæð áhrif sín, mæla árangur og upplýsa á gagnsæjan hátt um stöðu sína.

Nýjar kröfur munu ná til að byrja með til stórra fyrirtækja auk skráðra félaga. Fyrirtæki þurfa að meta hve stór hluti rekstrar teljist sjálfbær. Fjármálastofnanir skulu greina sjálfbærniáhættu í eignasöfnum sínum og miðla til eigenda fjármagns. Rammi fyrir upplýsingagjöf fyrirtækja um sjálfbærni er sameiginlegt tungumál fjárfesta, viðskiptavina og hagsmunaaðila. Upplýsingar eru á ábyrgð stjórnenda. Stjórnendur skulu útskýra hvernig viðskiptamódel þeirra falli að uppbyggingu sjálfbærs hagkerfis og markmiðum Parísarsáttmálans um að takmarka hnattræna hlýnun við 1,5°C.

Snúa kröfur um sjálfbærni að mínu fyrirtæki og þá hvernig?



- Hvaða sjálfbærniþættir skipta máli fyrir fyrirtækið og hver eru áhrif þess á umhverfið og samfélag?
- Hvað eigum við að gera og hvernig eigum við að forgangsraða?
- Hvar liggur ábyrgð og hlutverk innan fyrirtækis? Hvaða deildir þurfa að taka þátt?
- Er framkvæmdastjórn meðvitund um aukna ábyrgð sína á sjálfbærniþáttum fyrirtækisins?
- Upplýsir fyrirtækið um rétt atriði og á réttan hátt?
- Hvernig getum við notað sjálfbærniupplýsingar til að ná árangri og stýrt áhættu?
- Hvernig geta sjálfbærnisráðgjafar miðlað árangri okkar til hagsmunaaðila?
- Þekkir endurskoðunarnefndin auknar kröfur um endurskoðun ófjárhagslegra upplýsinga?
- Þarf að fá staðfestingu á ófjárhagslegum upplýsingum fyrirtækisins



Fjölbreytt ráðgjöf og úttektir með PwC

PwC sníður aðstoð sína að ykkar þörfum, hér eru nokkur dæmi:

1

Ráðgjöf vegna flokkunarkerfis ESB (e. EU Taxonomy) – hvað á við og hvað ekki og hvernig skal upplýsa.

2

Gloppugreining sem gefur yfirsýn yfir stöðu fyrirtækis m.t.t. Ítarlegra krafna um sjálfbærniupplýsingar samkvæmt CSRD.

3

Áreiðanleikakannanir á sjálfbærni (e. ESG Due Diligence) – bætir áhættumat fyrirtækis að þekkja áhrifasvið til langs og skamms tíma á umhverfi, samfélag og stjórnarhætti.

4

Tvöföld mikilvægisgreining – skilgreina og meta hvernig fyrirtækið hefur áhrif á heiminn ásamt mati á áhættu og tækifærum sem umhverfi og samfélag hafa á rekstur þess.

5

Hagsmunaaðilagreining – krafa er um að þekkja og vinna með sínum hagsmunaaðilum eins og passar hverju sinni.

6

Kolefnisbókhald fyrir fyrirtæki og sveitarfélög – útreikningar samkvæmt GHG-protocol.

7

Aðstoð við sjálfbærnisráðgjöf – uppfylla þarf kröfur um gagnsæi, samfellu og áreiðanleg gögn.

8

Úttektir og áritanir á sjálfbærnisráðgjöf fyrirtækja.

Tengiliðir

sjálfbærniteymis PwC

Hulda Steingrímsdóttir

Leiðtogi sjálfbærnimála

✉ hulda.steingrimsdottir@pwc.com

☎ Sími: 840 5247

Aron Friðrik Georgsson

Sérfræðingur í sjálfbærni

✉ aron.f.georgsson@pwc.com

☎ Sími: 840 5239

